



Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafirði

Garðabær, 16.6.2025
Málsnúmer: 202505-0040
MH

Efni: Umsókn um leyfi til skógræktar og uppgræðslu á þjóðlendu innarlega í Selárdal í Vopnafirði

Vísað er til erindis Vopnafjarðarhrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 20. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Six Rivers Iceland um leyfi til að stunda landbætur á þjóðlendu í innanverðum Selárdal í formi skógræktar og landgræðslu. Auk þess eru uppi hugmyndir um að setja af stað rannsókn til að finna bestu leiðina til að endurheimta gróður/vistkerfi á svæði þar sem orðið hefur mjög mikil eða alger eyðing gróðurs.

Samkvæmt upplýsingum í umsókninni er áætlað vinnusvæði um 1300 ha að flatarmáli, þar af rúmlega 550 ha melar, tæplega 540 ha fjalldrapamói og um 180 ha votlendi. Í greinargerð með matskyldufyrirspurn sem Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um þann 29. maí 2024 kemur fram að framkvæmdir muni fyrst ná til um 350 ha svæðis á næstu átta árum en ef vel gengur sé gert ráð fyrir að bæta megi við a.m.k. 350 ha svæði til viðbótar. Þá kemur jafnframt fram í greinargerðinni að ekki sé fyrirhugað að gróðursetja í votlendi og að það fái 50–100 m breitt helgunarsvæði frá skógræktarsvæðinu. Fullyrt er að það muni taka trén langan tíma að vaxa það mikið að þau dreifi sér inn á helgunarsvæðið og því stafi votlendinu engin hættu af framkvæmdunum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina og telur brýnt, það sem kemur í greinargerð með matskyldufyrirspurn á fyrri stigum, að votlendinu verði hlýft við framkvæmdum. Um er að ræða samfellt og víðáttumikið votlendi sem samanstendur af vistgerðum með mjög hátt verndargildi og njóta slíks svæði sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Votlendi ber að forða frá röskun eins og kostur er.

Í umsókninni kemur fram að til þessa hafi verið lögð áhersla á að gróðursetja innlendar trjá- og runnategundir og að gert sé ráð fyrir að þeirri stefnu verði haldið áfram. Þó geti aðstæður á einstöku stöðum kallað á notkun annarra tegunda ef tryggja á viðunandi árangur. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurnina var mælt til þess að elri yrði ekki notað innan skógræktarsvæðisins þar sem erlendar rannsóknir benda til að tegundin geti breiðst út og orðið ágeng við tilteknar aðstæður. Í svörum framkvæmdaaðila við umsögnum um matskyldufyrirspurn, dags. 24. júní 2024, var tekið undir að tegundin eigi ef til vill ekki heima í þessu verkefni og sagðist hann tilbúinn að hverfa frá þeim áformum og nýta eingöngu birki og víðitegundir eins og ætlað var í upphafi. Náttúrufræðistofnun tekur undir það sjónarmið og styður notkun innlendra tegunda við trjáplöntun.

Á fyrri stigum benti stofnunin á að ekki væri gert ráð fyrir vöktun á fuglalífi á svæðinu. Í svörum framkvæmdaaðila kom fram að ákveðið hefði verið að hefja fuglavöktun með því að setja upp vöktunarsnið á framkvæmdarsvæði og á samanburðarsvæði. Stofnunin hefur ekki upplýsingar um um niðurstöður slíkrar vöktunar en telur mikilvægt að þær liggi fyrir áður en leyfi er veitt og framkvæmdir hefjast, svo tryggt sé að unnt sé að meta hvort framkvæmdirnar hafi áhrif á fuglalíf eða ekki.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við uppsetningu tilraunareita á melsvæði þar sem fyrirhugað er að prófa mismunandi uppgræðsluefni og uppgræðsluþlöntur til að meta árangur. Í tilraununum er gert ráð fyrir notkun innlendra niturbindandi plantna, s.s. hvítmára, rauðsmára og umfeðmings. Þessar tegundir eru almennt ekki nýttar í þessari hæð yfir sjó en tilraunin snýst um að nýta þær í sambland við önnur efni, s.s. búfjáráburð eða í reiti með birki og meta hvort árangur náist.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur